

Illla komið

Kjallari

Þorvaldur Gylfason



Bandaríkin féllu í álitum almennings um allan heim

Illla er komið fyrir Bandaríkjunum. Þar hefur það nú gerzt öðru sinni á átján árum, að þingið rekur ríkissjórnina í greiðsluþrot, svo að ríkisstjórnarmenn hafa verið sendir heim í hundruðum þúsunda. Margar ríkisstofnanir hafa lokað dyrum sínum um óákveðinn tíma. Nú eins og 1995 eru það ofstækismenn í röðum repúblikana sem valda uslanum.

Yfirgangur ofstækismanna

Vandinn er sá, að Bandaríkjaþing þarf að heimila aukna lántöku ríkisins til að gera því kleift að standa við skuldbindingar sínar, og harðdrægir repúblikanar í fulltrúadeild þingsins standa í vegi fyrir heimildinni. Þeir segjast þó munu veita heimildina gegn því, að Obama forseti hverfi frá fyrri ákvörðun um heilbrigðisþryggingar að evrópski fyrirmynd. Þeir skeyta í engu um þá staðreynd, að heilbrigðisþryggingarnar voru samþykktar í báðum deildum þingsins og Hæstiréttur staðfesti, að þær standast stjórnarskrána. Heilbrigðisþryggingarnar voru eitt helzta kosningamálið bæði í síðustu forsetakosningum og í þingkosningum. Með framferði sínu afhjúpa repúblikanar virðingarleysi sitt gagnvart lýðræði og lýðræðislegum leikreglum. Þeir ógra beinlínis lýðræðinu. Eftir er að sjá, hvort Repúblikanaflokkurinn klofnar vegna þessarar óháfu, það væri óskandi, en þar eru innan búðar margir góðir menn, sem standa agnoda frammi fyrir yfirgangi ofstækismannanna.

Hvernig getur annað eins og þetta gerzt í helzta forustulandi hins lýðfrjálsa heims? Eina skýringuna virðist mér mega rekja til þeirrar ákvörðunar Hæstaréttar Bandaríkjanna með fimm atkvæðum gegn fjórum að skípa George W. Bush forseta Bandaríkjanna eftir kosningarnar 2000, eftir að talning atkvæða hafði verið stöðvuð í Flórída, en Bush fékk færri atkvæði

þar líkt og á landsvísi en kepplnauturinn úr hópi demókrata, Al Gore. Eftir þessa ákvörðun Hæstaréttar, þar sem atkvæði dómara fella eftir flokkspólitískum línunum, lýsti einn dómarrinn því yfir, að fólkíð í landinu gæti ekki lengur treyst Hæstarétti. Bandaríkin féllu í álitum almennings um allan heim. Forsetinn var dreginn sundur og saman í háði, m.a.s. fyrir heimsku sakir. Slíkt hafði ekki gerzt í Bandaríkjunum í 80 ár. Friðurinn var úti.

Bush er nú yfirleitt talinn vera einn allra verst forsetinn í samanlagðri sögu landsins og er nú hvergi sjáanlegur, og fer vel á því, á meðan ív. forsetar úr röðum demókrata, bæði Bill Clinton og Jimmy Carter, vinna áfram ötullega um allan heim að hugðarmálum sínum. Skoðanakannanir sýndu, að 98% íslenskra kjósenda hefðu greitt Obama forseta atkvæði sitt í kosningunum 2012, hefðu þeir verið til þess bærir, og 2% hefðu kosið frambjóðanda repúblikana.

Útreiðartúr á tigrisdýri

Það sætir í þessu ljósi nokkurri furðu, að Sjálfstæðisflokkurinn skuli undan-gengin ár hafa kosið að sækja sér fyrirmyndir til bandarískra repúblikana. Ég lýsti vandanum svo í Fréttablaðinu 10. júní 2004:

„Sjálfstæðisflokkurinn skeytti ekki um að hlýða kalli allra þeirra, sem vörðu árum saman við hagrænum og siðrænum afleiðingum þess að afhenda fáum útvöldum einka-aðgang að sameiginlegum fiskimiðum þjóðarinnar. Flokkur, sem heyrstist á að hlýða því kalli fyrr en eftir dúk og disk, og þá með ólund og aðeins að nafninu til, hlýtur að hafa laskazt. Flokkur, sem hefur reitt fram þjóðar-eignir á rússnesku silfurfatí handa fáum útvöldum og harðneitar jafn-



framt að upplýsa, hvernig hann fjármagnar starfsemi sína, hlýtur að hafa skaddazt. Stjórnmalaflokkur, sem stendur í illvígri baráttu við einkafyrirtæki um ítök í atvinnulífi landsins, hlýtur að hafa skemmzt. Flokkur, sem reynir síðan að loka frjálsum fjölmíðlum með lögboði - öllum nema þeim tveim, sem flokkurinn þykist hafa í hendi sinni - er kominn langt út fyrir viðunandi velsæmismörk. Fjölmennur flokkur, sem gerir illskeytta ofstækismenn að málsvörum sínum, menn, sem leggja flokksmælikvarða á alla hluti og virðast eins og ýmsir bandarískir repúblikanar líta svo á, að stjórnmal séu stríð og allt sé þar leyfilegt, og eiga í sífelldum útistöðum við allt og alla og mega helzt ekkert aumt sjá án þess að þurfa að traðka á því - þvílíkur flokkur þarf að fá frið til að hugsa sinn gang. Skuggi síðaveiklunar grúfir yfir Sjálfstæðisflokknum og markar í auknum mæli störf hans og stefnu og mun fylgja honum inn í framtíðina. Sjálfstæðismenn geta ekki kvartað undan því, að þeir hafi ekki verið varaðir við. Þeir fóru í útreiðartúr á tigrisdýri.“

Tími til að tengja

Framferði sjálfstæðismanna og magra framsóknarmanna á Alþingi á

síðasta kjörtímabili var eins og sníðið eftir forskrift ofstækisfullra repúblikana á Bandaríkjaþingi. Hvergi kom þetta berlegar í ljós en í stjórnarskrá málinu. Í því máli kúgaði 15-20 manna minni hluti þingmanna Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar yfirlystan vilja meiri hluta þingsins með málþófi og öðrum brögðum til að ganga gegn vilja kjósenda eins og hann birtist í þjóðaratkvæðagreiðslunni 20. október 2012, þar sem 67% kjósenda lýstu stuðningi við nýja stjórnarskrá og helzta atkvæði hennar. Sjálfstæðisflokkurinn greiddi lýðræðinu þungt högg. Sjálfstæðisflokkurinn og Framsókn sýna engin merki þess nú á Alþingi, að ætlan þeirra sé að virða vilja kjósenda í stjórnarskrá málinu. Margt bendir til, að þessir flokkar ætli þvert á móti að brjóta gegn vilja kjósenda með því að hafa að engu fyrir mæli þeirra um auðlindir í þjóðareigu, jafnan atkvæðisrétt, beint lýðræði og fleira, sem nýja stjórnarskráin kveður á um. Væri hún gengin í garð, hefði Alþingi ekki komizt upp með að falla frá hækkun veiðigjaldsins á sumarþinginu, og þá væru nú til peningar til að bjarga Landspítalanum, svo að eitt dæmi sé látið duga. Er ekki kominn tími til að tengja? ■